



Jafnlaunastefna Langanesbyggðar

Markmið

Jafnlaunastefnan er unnin í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og er órjúfanlegur hluti af starfsmannastefnu og launastefnu Sveitarfélagsins Langanesbyggðar. Henni er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir.

Laun eru í 9. tölulið 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun bein og óbein hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans. Kjör eru í 10. tölulið 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár.

Meginmarkmið jafnlaunastefnu Langanesbyggðar er að allar launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar. Í samræmi við kröfur ÍST 85:2012 hefur sveitarfélagið það að markmiði að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012, það skjalfest og því viðhaldið.
- Innleiða verklag og skilgreina viðmið fyrir ákvæðanir launa sem tryggir að launaákvæðanir séu málefnalegar, gegnsæjar, skjalfestar og rekjanlegar.
- Tryggja að til séu starfslýsingar fyrir öll störf. Þar skulu koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni, reynslu og þá ábyrgð sem í starfinu felst.
- Framkvæma launagreiningu árlega þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og kannað hvort til staðar sé ómálefnalegur launamunur og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki og stjórnendum.
- Bregðast við óútskýrðum og ómálefnalegum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt og rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna jafnlaunastefnu árlega fyrir starfsfólki og tryggja að hún sé aðgengileg á ytri vef sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir stefnuna en sveitarstjóri ber ábyrgð á að framfylgja henni. Sveitarstjóri ber einnig ábyrgð á launastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt.

Samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar 24. febrúar 2022.

Sveitarstjóri
Langanesbyggðar

Jónas Egilsson, sveitarstjóri